

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. desember 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (ýmsar breytingar), 373. mál.**

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint lagafrumvarp. Samtökin fagna sérstaklega tveimur ákvæðum frumvarpsins, 5. og 18. gr. og mæla með lögfestingu þeirra.

Í 5. gr. er lagt til að lagt til að heimilaður verði samruni verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, sbr. lög nr. 128/2011, án þess að það leiði til skattlagningar fyrir eigendur þeirra sjóða sem slitið er. Fáir eigandi hlutdeildarskírteinis einungis jafnvirði þess í hlutdeildarskírteinum í þeim sjóði sem við tekur hefur það ekki í för með sér skattskyldar tekjur.

Við samruna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er algengast að öllum eignum eins sjóðs (samrunasjóðs) sé ráðstafað til annars sjóðs (viðtökusjóðs), gegn útgáfu hlutdeildarskírteina í þeim síðarnefnda, til hlutdeildarskírteinishafa samrunasjóðsins og að ekki komi til greiðslu reiðufjár til hlutdeildarskírteinishafa við ráðstöfunina. Ákvæði 5. gr. er mjög til bóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa því í núverandi skattfrankvæmd er litið svo á að við samruna sjóða sé einu verðbréfi skipt yfir í annað með innlaun á því fyrri og síðan með kaupum á nýju verðbréfi, með tilheyrandi skattalegum afleiðingum, þ.e. uppgjöri tekjuskatts í staðgreiðslu m.v. það sem áunnist hefur við tímamark samruna. Sú aðferð getur leitt til óhagræðis fyrir hlutdeildarskírteinishafa og í sumum tilfellum til beins tjóns. T.d. má nefna að í sjóðum þar sem sveiflur í ávöxtun eru nokkrar getur skipt verulegu máli fyrir hlutdeildarskírteinishafa hvenær samruni á sér stað.

Í 18. gr. er lagt er til að fjármálafyrirtæki, sem hafa leyfi til að stunda verðbréfavíðskipti, verði undanþegin frá staðgreiðslu af fjármagnstekjum samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, líkt og bankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki. Lögfesting ákvæðisins mun jafna stöðu verðbréfafyrirtækja við stöðu fyrrgreindra fjármálafyrirtækja að þessu leyti og tryggja jafna samkeppnisstöðu á markaði.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

